



HVERAGERÐISBÆR

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
105 Reykjavík

Hveragerði 3. desember 2020

**Efni: Þingsályktunartillaga um skákkennslu í grunnskólum.**

Á fundi bæjarráðs Hveragerðisbæjar þann 3. desember 2020 var tekið til afgreiðslu bréf frá nefndasviði Alþingis varðandi mál nr. 106.

Í bréfinu óskar Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis eftir umsögn um tillögu til þingsályktunar um skákkennslu í grunnskólum, 106. mál. Vegna þessa samþykkti bæjarráð svohljóðandi bókun:

*Tillagan um skákkennslu í skólum landsins er ágæt og án vafa er það snjallt að hvetja nemendur til að tefla. Minnt er samt á að rekstur grunnskólans er á hendi sveitarfélaga og því er það vægast sagt sérstakt að sjá að í tillögunni er ekki gert ráð fyrir aðkomu sveitarfélaga að því samráði sem þarna er stungið uppá. Einnig er minnt á að allar tillögur sem hafa kostnað í för með sér gagnvart sveitarstjórnarstiginu ber að kostnaðarmeta og ræða í framhaldinu hvernig sveitarfélögum verði bættur sá kostnaður sem af hugmyndaauði Alþingis hlýst.*

Þessari afgreiðslu bæjarráðs Hveragerðisbæjar er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllt,

Aldis Hafsteinsdóttir,  
bæjarstjóri



**B.t. nefndasviðs alþingis**

**Umsögn um þingsályktunartillögu um skákkennslu í grunnskólum**

**Sendandi: Skákakademía Reykjavíkur**

**106. mál, þingsályktunartillaga**

**151. löggjafarþing 2020–2021.**

**Reykjavík, 11. desember 2020**

Frá stofnun Skákakademíu Reykjavíkur árið 2008 hefur aðaláherslan verið á skákkennslu í grunnskólum. Fyrstu árin var skákkennslan grunnskólum að kostnaðarlausu en nú um alllangt skeið hafa skólar borgarinnar ráðið skákkennara til sín sem stundakennara auk þess sem í stöku grunnskólum sinna fastráðnir kennarar skólanna skákkennslu samhliða almennri kennslu. Á þessum vetri er skákkennsla hluti af námi nemenda í um 20 skólum borgarinnar. Kennarahópurinn sem sinnir þessari kennslu býr yfir mikilli reynslu en jafnframt hafa ungir skákkennarar stigið sín fyrstu skref síðustu vetur. Það að nám nemenda í um helmingi skóla borgarinnar feli í sér skákkennslu veitir vísbendingu um drjúgan stuðning meðal skólastjórnenda við að skák verði hluti af aðalnámskrá. Í samskiptum mínum við skólastjórnendur, þar sem ég kanna áhuga og tækifæri til skákkennslu vor hvert fyrir komandi skólaár, finn ég fyrir þeim stuðningi og áhuga sem skákkennsla nýtur. Mannauður í hópi skákkennara hefur þar eflaust haft jákvæð áhrif en sumir skákkennarar hafa sinnt skákkennslu árum saman við sömu skóla borgarinnar.

Í samantekt sem kemur fram í umsögn Skáksambands Íslands og Skákskóla Íslands sem ég tók þátt í að vinna má sjá tilvitnanir í skólafólk í Reykjavík og víðar á landinu. Þær benda allar til víðtæks stuðnings við hugmyndina um skák í aðalnámskrá. Því er eðlilegt næsta skref fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti að athuga betur, í samráði við hina ýmsu aðila, hvort skák ætti að vera sett í aðalnámskrá. Margir kostir væru við að skák yrði hluti af aðalnámskrá, eins og reifað er í ofanefndri umsögn. Að lokum vil ég undirstrika mikilvægi þess að málið verði unnið í farsælu samráði við Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri sem sjá um menntun grunnskólakennara og annars starfsfólks skólanna.

Stefán Bergsson,  
framkvæmdarstjóri Skákakademíu Reykjavíkur.



**SKÁKSAMBAND**  
STOFNAÐ 1925 **ÍSLANDS**

**B.t. nefndasviðs alþingis**

**Umsögn um þingsályktunartillögu um skákkennslu í grunnskólum**

**Sendendur: Skáksamband Íslands og Skákskóli Íslands**

**106. mál, þingsályktunartillaga**

**151. löggjafarþing 2020–2021.**

**Reykjavík, 11. desember 2020**

Í umsögn þessari er lýst yfir stuðningi við þingsályktunartillögu Karls Gauta Hjaltasonar og meðflutningsmanna hans um að athuga hvort að tilefni sé til að athuga hvort að skákkennsla eigi heima í aðalnámskrá. Athugun Skáksambandsins leiddi í ljós að skipuleg skákkennsla á skólatíma nemenda þennan vetur fer fram í að minnsta kosti 40 grunnskólum. Mest er kennslan í Reykjavík og Kópavogi, en einnig er kennt í þremur skólum á Akureyri, á Vestfjörðum og í Öxarfirði svo sitthvað sé nefnt. Kennslan er með ýmsu formi og á mismunandi skólastigum. Í sumum skólum er fastráðinn kennari við skólann sem sinnir kennslunni en algengara er að skákkennari sé ráðinn sem stundakennari og kenna nokkrir skákkennarar í fleiri en einum skóla.

Við vinnslu þessarar umsagnar var leitað eftir álitum skólafólks víða um land. Ýmsir skólastjórar og skákkennarar voru tilbúnir að lýsa yfir stuðningi við að skák komist í aðalnámskrá.

**Svo gripið sé niður í nokkur svör:**

„Set saman nokkur orð því ég er mjög hlynnt því að skákin verði í aðalnámskrá.“

„Varðandi námskrána þá er það náttúrulega búið að vera draumur hjá mér lengi að skákin verði viðurkennd sem kennslugrein.“

„Ég er alveg sammála því að skákkennsla eigi heima í aðalnámskrá.“

„Ég fagna auðvitað þessari tillögu um skákkennsluna inn í aðalnámskrá. Það má jafnframt benda á að það efni sem hægt er að finna á skákkennsla.is gæti hjálpað fjölmörgum skólum við kennsluna.“

„Mér finnst gott að nemendur tefli, það eflir einbeitingu og athygli.“

„Það eru gleðifréttir ef skákin kemst inn í aðalnámskrá. Það sem ég hef lært sem almennur grunnskólakennari og skákáhugakona eftir að allt fór í námsmarkmið er að þá getur maður tekið svo mörg hæfniviðmið og æft nemendur í þeim með skák og við skákborðið og samtvinnað kennsluna t.d. við hinn almenna grunnskólakennara. Skák er nefnilega ekki bara að vera fær í að máta heldur eru margir aðrir hlutir sem hægt er að kenna og slípa við skákborðið. Ég hef t.d. kennt mínum nemendum að lesa í svip einstaklingsins við skákborðið. Horfa beint í augun og giska hvað andstæðingurinn er að hugsa. Þannig er hægt að kenna krökkum að skynja hvernig okkur líður. Þetta augnsamband sem er svo mikilvægt að hafa í daglegu lífi er að fjara út hjá svo mörgum í dag.“

„Sérstaklega var ýtt undir áhuga þeirra sem náðu góðum árangri, sýndu skákinni mikinn áhuga og þeirra sem greindir voru með einhverfu eða athyglisbrest. Skólinn fékk ávallt til liðs við sig færa skákkennara auk þess sem eldri nemendur fengu tækifæri á að leiðbeina þeim yngri í formi jafningjafræðslu. Skákin bætir rökhugsun nemenda, einbeitingu,

þolinmæði, ákvarðanatöku og hæfni til að hugsa fram í tímann. Skákiðkun nýtist nemendum í námi, einkum stærðfræði og öðrum raungreinum.“

Sé litið til þessara svara og þeirrar staðreyndar að skák er nú þegar hluti af skipulagðri kennslu í að minnsta kosti 40 grunnskólum má líta svo á að málið njóti þegar allmikils stuðnings innan skólakerfisins. Ýmsir kostir myndu fylgja því að skákkennsla yrði hluti af aðalnámskrá. Þannig yrði skákkennsla væntanlega hluti af almennu grunnskólakennaranámi háskólanna og þar af leiðandi fleiri grunnskólakennarar í stakk búnir til að kenna skák. Slíkt myndi leiða til jafnari tækifæra fyrir skóla til að kenna skák og um leið jafna tækifæri grunnskólabarna til að tileinka sér hana. Reyndin er sú að skákkennsla í skólum er mest á svæðum þar sem er greitt aðgengi að skákkennurum. Á svæðum þar sem fáir skákkennarar búa myndi skák í aðalnámskrá þannig (vonandi) leiða til jafnari tækifæra. Nefna má að Skáksambandið hefur síðustu ár staðið fyrir verkefnum sem eiga að auðvelda almennum grunnskólakennurum að auka færni sína í að kenna skák og hefur þeim verkefnum verið vel tekið víða um land. Jafnframt hefur Skáksambandið lagt áherslu á að hafa aðgengileg kennslumyndbönd á vefnum skákkennsla.is. Þau eru bæði ætluð nemendum og skákkennurum og hafa notið mikilla vinsælda. Þá má nefna öflugan stuðning og heimsóknir Skákskóla Íslands síðastliðna áratugi við uppbyggingu og örvun skáklífs víða um land.

Það væri of langt mál að telja upp allar rannsóknir og athuganir sem hafa verið gerðar á því hvort skák eflir námsfærni nemenda. Þó má vísa til góðrar skýrslu mennta- og menningarmálaráðuneytisins frá 2013 sem er einmitt vísað til í þingsályktunartillögunni og hefur að geyma gott yfirlit yfir rannsóknir og athuganir. Auk þess virðist skákiðkun almennt vera nemendum holl. Með skák í aðalnámskrá yrði tryggt að allir grunnskólanemendur landsins fengju að kynnst henni. Þannig næðist að kenna þeim þroskandi leik sem krefst einbeitingar og þeir gætu gripið til hvenær sem er í lífi sínu, óháð aldri og líkamlegri getu.

Í þingsályktunartillögunni er minnst á á hve vel skákiðkun hefur reynst sem tæki til að efla félagslega einingu og bekkjaranda. Sænskar athuganir hafa leitt þetta í ljós en þarlendir kennarar sem höfðu innleitt skák í bekkjarstarf sitt töldu þessi atriði einn helsta kostinn við skákiðkun nemenda sinna.

Það ætti að vera tiltölulega einfalt að athuga formlega hvort og hvernig skákkennsla á heima í stundatöflu. Til að byrja með mætti gera könnun meðal skólastjóra og grunnskólakennara alls staðar á landinu. Þá væri mikilvægt að fá álit og samstarf við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og kennaradeild Háskólans á Akureyri.

Í ljósi áður nefnds meðbyrs innan skólasamfélagsins með hugmyndinni um skákkennslu í aðalnámskrá grunnskóla, margvíslegs ávinnings af henni og þess hve auðvelt væri að athuga frekari stuðning ýmissa aðila innan skólakerfisins er von Skáksambandsins og Skákskólans sú að þingsályktunartillagan nái fram að ganga.

Gunnar Björnsson forseti Skáksambands Íslands  
Stefán Bergsson æskulýðsfulltrúi Skáksambands Íslands  
Helgi Ólafsson skólastjóri Skákskóla Íslands

Selfossi, 18. desember 2020  
2011268

Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
105 Reykjavík

### **Efni: Þingsályktunartillaga um skákkennslu í grunnskólum**

Á fundi bæjarráðs Árborgar 10. desember sl. var tekið fyrir erindi frá allherjar- og menntamálanefnd Alþingis þar sem óskað var eftir umsögn um þingsályktun um skákkennslu í grunnskólum, 106. mál.

Eftirfarandi var bókað:

Bæjarráð fagnar framkominni þingsályktunartillögu og felur bærarstjóra að skila inn jákvæðri umsögn.

Umsögn Sveitarfélagsins Árborgar:

*Sveitarfélagið Árborg telur jákvætt að skákiðkun verði gert hátt undir höfði í grunnskólum. Skák er hluti af sjálfsmynd þjóðarinnar og er vel til þess fallin að örva hugann og styrkja ýmsa þætti hugsunar. Börn á grunnskólaaldri þykja líklegust allra til að njóta ávinnings í atgervi vegna skákiðkunar, sem getur styrkt gagnrýna hugsun, greiningarhæfni og getuna til sjónrænnar hugsunar. Skákiðkun í grunnskólum er þannig til þess fallin að styðja við markmið sem fram koma í aðalnámskrá um skapandi og gagnrýna hugsun. Á þessum grunni er vel við hæfi að skoða hvort flétta eigi umfjöllun um skákiðkun inn í aðalnámskrá, líkt og þar er t.d. fjallað um ýmsar íþrótta- og listgreinar.*

Framangreint tilkynnist hér með.

Virðingarfyllst,

Gísli Halldór Halldórsson,  
bærarstjóri